

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Benchmark Genetics Iceland hf.	Kennitala: 620391-1079
Heimilisfang: Kalmanstjörn, Nesvegur 50, 233 Hafnir	Leyfisnúmer: FE-1182 (A072)
Stöðvarstjóri: Kristján Kristmannsson	Dagsetning: 18. desember 2025
Tegund fiska: Lax – <i>Salmo salar</i>	Óboðað eftirlit ☐ Boðað eftirlit ☒
Er stöðin í dreifingarbanni? Já ☐ Nei ☒	Tegund eftirlits: Reglubundið, sérstök áhersla lögð á smitvarnir
Eru skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr.vottorða? Já ☒ Nei ☐	

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Harpa Luisa Tinganelli og Berglind Helga Bergsdóttir sérgreinadýralæknar fóru í eftirlit í Eldisstöðina Kalmanstjörn (Benchmark Genetics Iceland hf.) þann 10. desember 2025. Viðstaddir í eftirliti voru: Kristján Kristmannsson og Benedikt Frímann Guðmundsson.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

I. UMHVERFI, HREINLÆTI og SMITVARNIR:

➤ Smitvarnir – **frávik**

- Smitvarnir í hattakörum þarfnast úrbóta:
 - Hönnun karanna leiðir til þess að starfsfólk gengur beint frá útisvæði inn á ramp karsins án þess að viðeigandi smitvarnir, svo sem fótaböð, séu til staðar.
 - Hlerar eru hafðir opnir yfir daginn til þess að lofta um kerin. Kerin er staðsett nálægt sjó og eru því auknar líkur á að sjóúði eða annað berst inn í kör.
 - Óheppilegt er m.t.t. smitvarna að áhöld sem tilheyra hattakörum eru geymd í öðrum húsum með öðrum óháðum kerjum.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirlitsskýrslu þessari og mun stofnunin hafa eftirfylgni með frávikum að loknum úrbótum eftirlitsþega.

➤ Umhirða eldisfiska - **án aths**

➤ Aukaafurðir dýra - **án aths**

➤ Innra eftirlit og varsla gagna - **frávik**

- Skráningar fyrir afföll og aflífaða fiska: skrá þarf í sitthvoru lagi afföll og aflífaða fiska.

Matvælastofnun kallar eftir tafarlausum úrbótum vegna fráviks.

II. DÝRAVELFERÐ, SJÚKDÓMAEFTIRLIT OG SÝNATÖKUR:

- Viðbragðsáætlun compartments - **án aths**
- Át fiska - **án aths**
- Þéttleiki - **án aths**
- Helstu sjúkdómavandamál/lyfjagjafir - **frávik**
 - Upplýsingar fyrir lyfjagjafir: vantar hópanúmer í skráningar.

Matvælastofnun kallar eftir tafarlausum úrbótum vegna fráviks.

- Heilbrigði og forvarnir - **án aths**
- Umhverfi - **án aths**
- Flutningur - **án aths**
- Aflífun - **án aths**
- Varsla efna/lyfja- **án aths**
- AÐRAR UPPLÝSINGAR
 - Þjálfun starfsmanna - **án aths**
 - Viðvörðunarbúnaður - **án aths**

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993** er þér veittur **14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdir við innihald hennar**. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Harpa Luisa Tinganelli
Harpa Luisa Tinganelli
Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma

Berglind Helga Bergsdóttir
Berglind Helga Bergsdóttir
Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma